

## AUGLÝSING

### um undanþágu lögaðila frá gildissviði upplýsingalaga.

1. gr.

Forsætisráðherra hefur ákveðið, með vísan til 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, að fallast á tillögu fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. umsögn Samkeppniseftirlitsins, um að eftirtaldir lögaðilar skuli ekki falla undir gildissvið laganna, og skal undanþágan endurskoðuð eigi síðar en 1. október 2027:

- Landsvirkjun Power ehf.
- Orkufjarskipti hf.

2. gr.

Auglýsing þessi er birt samkvæmt heimild í 3. mgr. 2. gr. upplýsingalaga, nr. 140/2012, og öðlast þegar gildi.

*Forsætisráðuneytinu, 1. október 2024.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Benedikt Arnason.*

B-deild – Útgáfudagur: 16. október 2024